

## L Ö G

## um lagningu sjálfvirks síma.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Póst- og símamálastjóri skal láta gera sérstaka 5 ára áætlun um lagningu sjálfvirks símakerfis til sem flestra símnotenda og skal þeim framkvæmdum ráðað í forgangs röð, sbr. 9. gr. laga nr. 36/1977.

Í áætluninni um lagningu sjálfvirks síma skal að því stefnt að símnotendur eigi kost á sjálfvirkum síma innan 5 ára frá 1. janúar 1982.

## 2. gr.

Tæki og búnaður til lagningar og uppsetningar sjálfvirks símasambands, samkvæmt áætlun þeirri sem gerð verður, sbr. 1. gr., skulu undanþegin aðflutningsgjöldum og söluskatti við innflutning.

Fjármálaráðherra kveður nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.

## 3. gr.

Póst- og símamálastofnun er heimilt að taka lán, allt að 20 millj. kr. árlega í 5 ár, til fjármögnunar framkvæmda skv. 1. gr.

Lántökuheimild þessi skal breytast í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og halda gildi sínu þar til framkvæmdum skv. 1. gr. er lokið.

*Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.*

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

*Steingrímur Hermannsson.*

## L Ö G

## um breyting á lögum nr. 35/1960, um lögheimili.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

3. málsgr. 2. gr. laga nr. 35/1960, um lögheimili, orðist svo:

Það telst eigi heimili þótt maður dveljist í skóla, vinnuhæli eða fangelsi. Sama gildir um dvöl á sjúkrahúsi, heilsuhæli, elliheimili, dvalarheimilum fyrir aldraða og

öryrkja svo og sérhönnuðum heimilum og íbúðum aldraðra og öryrkja, ef dvölin er eingöngu eða aðallega til lækninga eða heilsubótar. Sama máli gegnir og um dvalarstað vegna árstíðabundinnar atvinnu, svo sem vertíðarvinnu, kaupamennsku og vetrarvistar eða annarrar vetrardvalar vegna atvinnu, enda hverfi maðurinn til lögheimilis síns að slíkri dvöl lokinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Svavar Gestsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

39. gr. laganna orðist þannig:

1) Sjóferðapróf eftir 39. gr. siglingalaga nr. 66/1963 skulu fara fram á bæjarþingi eða aukadómþingi.

2) Þegar sjóferðapróf fer fram, skal dómari bera saman skipsbækurnar og eftirrit þeirra, er skipstjóri skal hafa með sér. Síðan spyr dómari skipstjóra og skipverja og lætur þá skýra frá því, er þeir vita og máli virðist skipta. Um yfirheyrslur fer annars eftir ákvæðum laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, eftir því sem við getur átt.

3) Ef skip hefur farist, beðið tjón eða lent í háska að öðru leyti, skal dómari rannsaka eftir föngum öll þau atriði, er máli skipta, svo sem um skip og útbúnað þess, farm, framferði skipstjóra og skipshafnar, hafnsögumanns o. s. frv. Skal rannsókn að jafnaði fara þar fram, sem skip tekur fyrst höfn eftir slys eða á ákvörðunarstað þess. Hafi skip farist, skal rannsókn fara fram þar, sem hagkvæmast þykir.

4) Þegar halda skal sjóferðapróf, ber dómara að gera eftirlitsmanni Siglingamálastofnunarinnar í því umdæmi, þar sem próf skal halda, viðvart.

5) Eftirlitsmanni ber að mæta eða láta mæta við sjóferðapróf, ef um er að ræða strand skips, verulegar skemmdir á skipi eða farmi, manntjón eða veruleg meiðsl manna. Skal honum heimilt að kynna sér málsskjöl, bera fram tillögur um rannsóknina, spyrja þá, sem koma fyrir dóm, með milligöngu dómara eða beint með leyfi hans og fara fram á bókanir, eftir því sem hann telur nauðsynlegt.

6) Eftirlitsmanni ber að hefjast handa um, að sjóferðapróf sé haldið, ef hann telur ástæðu til, eða þess er krafist af þeim, sem taldir eru í b-lið 18. gr. laga þessara. Hann getur einnig krafist framhaldsprófs, ef hann telur þörf á.